

SAMKOMULAG

um verklag við framkvæmd reglna um númerslaus ökutæki og sambærilega hluti

Aðilar

1. Aðilar samkomulags þessa eru heilbrigðisnefnd Vestfjarða, en á vegum nefndarinnar starfar Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Aðalstræti 2, 2. hæð, 415 Bolungarvík, (HEVF); Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirðir, sem er eitt sveitarfélag innan umdæmis heilbrigðisnefndar Vestfjarða (Ísafjarðarbær); og [] (verktaki).

Lagagrundvöllur og -heimildir

2. HEVF er eftirlitsaðili samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og sér um að framfylgt sé ákvæðum laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim og samþykktum sveitarfélaga, sbr. nánar 47. gr. laganna. Sveitarfélög innan umdæmis HEVF bera ábyrgð á fjármálum og rekstri HEVF, hafa umsjón með fjármálum þess, skiptingu kostnaðar og álagningu eftirlitsgjalda. Ísafjarðarbær annast fjárreiður fyrir HEVF, sbr. 1. og 2. mgr. 46. gr. laganna.
3. Í 18. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og 17. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 eru lagðar skyldur á eigendur og umráðamenn lóða og mannvirkja til að halda þeim hreinum og snyrtilegum, og þannig að ekki valdi öðrum ónæði. Jafnframt er bannað að skilja eftir eða geyma á lóðum eða opnum svæðum smærri sem stærri hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 941/2002.

4. Sveitarfélög innan umdæmis heilbrigðisnefndar Vestfjarða hafa sett sér samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss nr. 910/2015 frá 30. september 2015 (samþykktirnar), þar sem m.a. kemur fram að óheimilt sé að skilja eftir eða geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta og aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri.
5. Til að framfylgja framangreindum reglum er HEVF m.a. heimilt að láta fjarlægja númerslaus ökutæki og sambærilega hluti af lóðum og af almannafæri, á kostnað og ábyrgð hlutaðeigandi, sbr. 61. gr. laga nr. 7/1998, 21. gr. reglugerðar nr. 941/2002, 17. gr. reglugerðar nr. 737/2003 og 7. gr. samþykktanna.

Markmið samkomulags

6. Nokkuð er um að númerslaus ökutæki og sambærilegir hlutir, sem framangreindar reglur fjalla um, séu skildir eftir eða geymdir á lóðum og á almannafæri innan umdæmis HEVF. Markmið samkomulags þessa er að bæta úr umgengni og þrifnaði hvað þetta varðar, með því að koma á skilvirku verklagi við að framfylgja reglum hér að lútandi og takmarka kostnað HEVF og sveitarfélaganna í því sambandi.
7. Áætlað er að á fyrsta ári samkomulags þessa þurfi að fjarlægja u.þ.b. 100 númerslaus ökutæki og sambærilega hluti, en að þar eftir verði um umtalsvert minna magn að ræða. Áætlaður útlagður kostnaður HEVF vegna hvers ökutækis/hlutar er [50.000] kr., sem samanstendur af þóknun til verktaka vegna m.a. flutnings ökutækis/hlutar á geymslusvæði, innskriftar- og afgreiðslugjald o.þ.h. Áætlaður útlagður kostnaður HEVF vegna samkomulags þessa fyrsta samningsárið er því [5.000.000] kr.

Útlagðan kostnað HEVF, auk kostnaðar vegna eftirlits, geymslu ökutækis/hlutar og eftir atvikum förgun, skal innheimta hjá hlutaðeigandi eiganda eða ábyrgðarmanni, eins og heimilt er samkvæmt m.a. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, 26. gr. reglugerðar nr. 737/2003 og 6. mgr. 7. gr. samþykktar nr. 910/2015. Sjá nánar ákvæði um greiðslur til verktaka og kostnað.

Hlutverk aðila og verklag

8. Aðilar eru sammála um að leitast við að ná markmiðum samkomulags þessa með því að HEVF láti fjarlægja, að undangenginni stjórnýslulegri málsmeðferð, númerslaus ökutæki og sambærilega hluti innan umdæmis HEVF. Í þessu sambandi skal fylgja ofangreindum reglum, samþykktunum og verklagsreglum sem HEVF hefur sett,¹ en verklagsreglurnar fela m.a. í sér að gulir og rauðir tilkynningar-/aðvörunarmiðar eru límdir á ökutæki/hlut og tilkynningarseðlum er dreift þar sem því er viðkomandi.
9. Aðilar eru sammála um að fela verktaka framkvæmdaratriði, en ekki ákvörðunarvald, samkvæmt ofangreindum reglum, samþykktunum og verklagsreglum HEVF. Í þessu felst að verktaka er falið að sinna eftirfarandi að fyrirmælum og á ábyrgð HEVF:
 - a. að taka við ábendingum og hafa almennt eftirlit með númerslausum ökutækjum og sambærilegum hlutum og tilkynna HEVF um slík ökutæki/hluti.
 - b. að líma gula miða á númerslaus ökutæki og sambærilega hluti, þ.e. tilkynningu um að HEVF hafi tekið til meðferðar mál um að láta

¹ <https://hevf.is/wp-content/uploads/2023/06/Numerslausar-bifreidar-og-lodahreinsanir.pdf>

- fjarlægja ökutækið/hlutinn og að eigandi/umráðamaður hafi 10 daga frest til að gera athugasemdir eða fjarlægja bifreiðina/hlutinn.
- c. að líma rauðan miða á númerslaus ökutæki og sambærilega hluti, þ.e. tilkynningu um að HEVF hafi tekið stjórnvaldsákvörðun um að fjarlægja ökutækið/hlutinn að liðnum 7 daga fresti.
 - d. að dreifa tilkynningarseðlum í nærliggjandi hús samhliða álímingu gulra og rauðra miða.
 - e. að flytja ökutæki/hluti á geymslusvæði að liðnum frestum.
 - f. að afhenda ökutæki/hluti eiganda/umráðamanni gegn greiðslu áfallins kostnaðar HEVF vegna flutnings og geymslu.
 - g. að fylgjast með viðeigandi tímafrestum og innheimta áfallinn kostnað HEVF vegna flutnings og geymslu hjá eiganda/umráðamanni fyrir hönd HEVF og sveitarfélaganna.
10. Það að verktaka sé falið að sinna framangreindu að fyrirmælum og á ábyrgð HEVF felur ekki í sér að verktaka sé falið stjórnsýslu- eða ákvörðunarvald. Stjórnsýsluleg ábyrgð og ákvarðanataka hvílir áfram hjá HEVF. Skal verktaki t.a.m. ekki líma gula eða rauða miða á ökutæki/hlut nema að fyrir liggi ákvörðun HEVF þar um. Þá skal verktaki beina öllum umkvörtunum og athugasemdum sem honum kann að berast til HEVF til meðferðar.
11. Í safjarðarbær skal leggja til svæði innan sinna sveitarfélagamarka sem geymslusvæði fyrir ökutæki/hluti sem fjarlægðir eru innan umdæmis HEVF. Geymslusvæðið skal vera aðgengilegt verktaka til að honum sé unnt að flytja ökutæki/hluti til og frá svæðinu.

12. Hafi ökutæki/hlutir ekki verið leystir út af eiganda/umráðamanni, gegn greiðslu áfallins kostnaðar HEVF vegna flutnings og geymslu, að liðnum 45 dögum frá því að ökutæki/hlutur var fluttur á geymslusvæði, skal Ísafjarðarbær hafa ákvörðunarvald um hvernig fara skuli með ökutæki/hlut, þ. á m. hvort skuli fargað. Ísafjarðarbær greiðir ekki geymslugjald eða annan kostnað vegna geymslu ökutækja/hluta á geymslusvæði.

Greiðslur til verktaka og annar kostnaður

13. Verktaki á rétt til þóknunar úr hendi HEVF fyrir störf sín samkvæmt samkomulagi þessu. Þóknun verktaka skal vera [föst og nema [•] kr. án vsk. á mánuði]. Verktaki skal gera HEVF reikning mánaðarlega fyrir störf sín, sem skal greiddur fyrir 10. dag hvers mánaðar. Verktaki á ekki rétt til frekari greiðslna fyrir störf sín samkvæmt samkomulagi þessu.

14. HEVF skal innheimta, eða fela verktaka að innheimta, útlagðan kostnað HEVF vegna þóknunar til verktaka, ásamt geymslukostnaði, förgunarkostnaði og öðrum kostnaði, hjá hlutaðeigandi eiganda/ábyrgðarmanni ökutækis/hlutar. Um heimild hér að lútandi vísast til 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, 26. gr. reglugerðar nr. 737/2003 og 6. mgr. 7. gr. samþykktar nr. 910/2015.

Önnur atriði

15. Þegar samkomulag þetta hefur tekið gildi skulu HEVF og Ísafjarðarbær kynna markmið og helstu efnisatriði þess fyrir íbúum innan umdæmis heilbrigðisnefndar Vestfjarða á vefsíðu sinni.

16. Samkomulag þetta gildir til 30. júní 2025.

17. Samkomulag þetta er undirritað af hálfu HEVF með fyrirvara um samþykki Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og af hálfu Ísafjarðarbæjar með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, og tekur samkomulagið gildi þegar formlegt samþykki þessara aðila liggur fyrir.

Staður og dagsetning

F.h. Ísafjarðarbæjar,
Vestfjarða,
Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri

F.h. heilbrigðisnefndar

[•]

Verktaki, []